



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
forseta Ungverjalands
Ferenc Mádl
17. mars 2003**

Virðulegi forseti Ungverjalands Ferenc Mádl
og frú Dalma Mádl
Heiðruðu gestir

Þótt saga Ungverja og Íslendinga að fornu og nýju sé á margan hátt ólík verðveitir hún samt merkilega hliðstæður sem endurspeglar sameiginlegar evrópskar rætur, hliðstæður sem eru okkur hugleiknar þegar við í upphafi nýrrar aldar erum orðnir bandamenn á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og munum í sameiningu leitast við að færa Evrópu farsæld og framfarir á komandi tímum.

Ungverjar og Íslendingar áttu sér báðir landnámstíð við lok níundu aldar, tímabil þegar sjálfsmynd þjóðanna tók að mótast og vitund okkar um þjóðerni og menningu festi rætur.

Þjóðir okkar urðu báðar kristnar árið 1000 og hefur sá viðburður ætíð skipað öndvegi í ungverskri og íslenskri sögu enda sýndu þjóðirnar árið 2000 hve mikils við metum þau þáttaskil. Við Íslendingar efndum þá til kristnihátíðar á Þingvöllum, hinum fornhelga sögustað okkar þar sem Alþingi – hin íslenska löggjafasamkoma – var stofnað árið 930, elsta þing veraldar. Hin sameiginlega arfleifð kristni og lýðræðis var kjarninn í því veganesti sem landnámsmenn Íslands færðu komandi kynslóðum, veganesti sem veitti þjóð minni áræði og kjark þegar erfiðleikar settu svip á seinni aldir.

Líkt og Ungverjar höfum við Íslendingar kappkostað að varðveita tungu okkar og teljum að hún sé í senn grundvöllur að sérstöðu okkar og sjálfsvitund í samfélagi þjóðanna. Það sýnir enn samfylgd þjóða okkar um kristnisögu Evrópu að Biblían var þýdd á ungversku og íslensku nánast um saman leyti og hin helga bók varð um aldir áhrifavaldur í bókmenntum og menningu þjóðanna, tungan og hinn kristni arfur sá

efniviður sem drjúgur reyndist þegar frelsishreyfingar 19. aldar fóru að umturna stjórnskipun og þjóðfélagsháttum.

Íslenskir stúdentar sem eftir byltingarárið mikla í evrópski sögu 1848 lögðu grundvöll að sjálfstæðishreyfingu þjóðar minnar hrifust mjög af þjóðfrelsisbaráttu Ungverja undir forystu eldhugans Kossuth og einn þeirra, Gísli Brynjúlfsson ritaði um þá baráttu ítarlega frásögn í íslenskt tímarit árið 1849. Gísli segir í formála:

“Af þjóðunum á meginlandi Evrópu höfum vér sagt greinilegast frá Ungverjum því þeir hafa í ár sýnt að þeir af þeim öllum hafa langbest vit á hvað þjóðalíf er og sannarlegt frelsi, og sagan um frelsisbaráttu þeirra mun ævinlega verða lærdómsrík. Um þá munu verða rituð hin einustu fögru blöð í sögu þjóðanna hin síðustu tvö ár, því þeir hafa farið að eins og menn og varið drengilega það frelsi, sem þeir höfðu erft eftir feður sína og haldið óskertu um margar aldir.”

Þetta skrifaði íslenskur stúdent um Ungverja árið 1849 og í kjölfarið vaknaði áhugi á ljóðlist Ungverja, og íslensk skáld tóku að þýða hin einstæðu ljóð Sándor Petöfi, ekki síst var það Steingrímur Thorsteinsson, eitt hið besta skáld 19. aldar sem kynnti hinn innblásna skáldskap Petöfi fyrir löndum sínum.

Samfylgd okkar birtist enn í því að æ síðan hafa örlög Evrópu snert þjóðir okkar á djúpstæðan hátt. Við heilsum nú nýrri öld sem bandamenn innan Atlantshafsbandalagsins og samherjar í evrópsku nýsköpunarverki.

Ísland var meðal stofnenda NATO og samvinna ríkjanna beggja megin Atlantshafsins hefur í hálfu öld verið einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Við hvöttum fyrir tíu árum eindregið til stækkunar bandalagsins og fögnuðum aðild Ungverjalands, Póllands og Tékklands árið 1999 sem mikilvægum áfanga. Við lögðum ríka áherslu á rétt Eystrasaltsríkjanna til aðildar og teljum að með nýlegum ákvörðunum um stækkun NATO og sérstökum samningi við Rússland hafi verið lagður grundvöllur að nýskipan öryggismála sem reynst geti Evrópu og veröldinni allri einstaklega farsæl.

Við teljum mikilvægt að innan NATO verði sjálfstæð þátttaka sérhvers ríkis áfram ráðandi form og varhugavert geti verið að skipta aðildarríkjum upp í einstakar blokkir. Þótt við virðum og skiljum viðleitni Evrópusambandsins til að efla sérstaka öryggisvídd verður að gæta þess að NATO verði ekki skipt í arma sem metist um það hvor reynist áhrifameiri. Lykillinn að velgengni bandalagsins hefur verið að öll aðildarríkin, stór og smá, hafa starfað þar á jafnréttisgrunni.

Við Íslendingar höfum tengst Evrópusambandinu á grundvelli samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og með aðild Ungverjalands að Evrópusambandinu mun aðstaða til aukinnar samvinnu þjóða okkar á sviði viðskipta og efnahagsmála taka stakkaskiptum.

Samningurinn um samvinnu Ungverjalands og Íslands á sviði orkumála sem gerður var árið 2001 mun enn fremur verða grundvöllur að spennandi verkefnum í framtíðinni. Við Íslendingar höfum á undanförnum áratugum náð verulegum árangri í að nýta jarðhita til húshitunar, orkuframleiðslu og heilsubótar og við viljum eindregið deila þeirri reynslu með Ungverjum um leið og við fáum holl ráð frá ykkur í uppbyggingu heilsuhæla og eflingu þaðmenningar en á því sviði eru Ungverjar í fremstu röð. Ég vil sérstaklega þakka þá sérfræðiráðgjöf sem Ungverjar hafa á undanförnum árum veitt okkur Íslendingum á þessu sviði og þar hefur framlag dr. István Fluck verið ómetanlegt.

Við Íslendingar metum mikils þann heiður og vináttu sem Ungverjar sýna okkur með þessu boði, fyrstu heimsókn forseta Íslands til Ungverjalands og það er von mín að viðræður okkar nú muni leggja grundvöll að enn traustari samvinnu okkar í framtíðinni.

Ég færi yður, virðulegi forseti Ungverjalands, einlægar þakkir og vænti þess að geta innan tíðar fagnað yður í landi mínu.

Ég bið heiðraða gesti að rísa á fætur og lyfta glasi til heiðurs forseta Ungverjalands Ferenc Mádl og frú Dalma Mádl og til staðfestingar traustum vináttuböndum þjóða okkar.